



Slysatrygging launafólks

Nýr samningur, 17. febrúar 2008

Víðtækari tryggingar

- Váttryggingin nær nú til barna að 18 ára aldri í stað 17 ára áður. Auk þess nær hún nú í fyrsta skipti til „ungmenna“ á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans.
- Tryggingin gildir héðan í frá í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum atvinnurekanda.
- Þá nær tryggingin nú til slysa er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki á vegum atvinnurekanda eða starfsmannafélags.
 - Ekki skiptir máli hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans.
 - Undanskilin eru slysa er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.

Hækkun upphæða

- Dánarbætur til barna stórhækka, sérstaklega yngstu barnanna. Þá hækka dánarbætur til maka um 17-31% (eftir því við hvaða samning er miðað) og grunnupphæðir örorkubóta um 52-71%. Með samningnum verða upphæðir þær sömu í öllum samningum á milli aðildarsamtaka ASÍ og SA, en þar sem upphæðirnar voru misháar fyrir þá er hækkun tryggingarupphæða mismikil milli samninga.

Verðtrygging upphæða

- Váttryggingafjárhæðir breytast fyrsta dag hvers mánaðar í hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs (áður breyttust þær aðeins tvisvar á ári).
- Þar að auki verða váttryggingaupphæðir nú verðtryggðar frá slysdegi til uppgjörsdags (áður var engin slík verðtrygging).

Skilmálar

- Ofangreind ákvæði um slysatryggingar og nýjar bótafjárhæðir taka til slysa sem verða eftir 1. maí 2008.
- Bókun: Samningsaðilar munu skoða, með þátttöku váttryggingafélaganna, hvort skilmálar sem um váttryggingu þeirra gilda séu í fullu samræmi við samning þennan.

Dánarbætur

- „Pottur“ aflagður:

Áður var til flokkur dánarbóta sem rann í sérstakan „pott“, þ.e. ef sá sem féll frá var ókvæntur en skildi eftir sig barn eða hafði séð fyrir öldruðum foreldrum. Við slíkar aðstæður skiptist þessi pottur niður á viðkomandi börn /foreldra. Upphæðin á hvern einstakling fór því eftir því hve margir áttu tilkall til hans en ekki endilega þörfum hvers og eins. Nú dettur þessi pottur út en í staðin eru teknar upp greiðslur til barna er miða við aldur þeirra svo og sérstakar fastar greiðslur til aldraðra foreldra er áður fengu greitt úr pottinum.

- Greiðslur:

- **Maki:** Til eftirlifandi maka nema bætur nú kr. 5 milljónum. (Áður voru greiðslurnar 3,8 - 4,3 milljónir eftir því um hvaða samning var að ræða, þ.e. hækkunin nemur um 17-31%).
- **Börn:** Til hvers barns eru bætur nú jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris sem það hefði átt rétt á vegna andlátsins til 18 ára aldurs (kr. 19.000 * fj. ára * 12 mán). Bætur til hvers barns verða þó aldrei lægri en kr. 2.000.000. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%. Með börnum er nú átt við börn til 18 ára sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með. (Áður voru greiðslur til barna samsettar annars vegar úr föstum greiðslum óháðum aldri þeirra og hins vegar úr greiðslum sem gátu komið úr hinum svokallaða „potti“; auk þess var aðeins miðað við börn til 17 ára aldurs).
- **Ungmennni:** Til hvers ungmennis sem átti sama lögheimili og hinn látni og var sannanlega á framfærslu hans eru bætur nú kr. 500.000. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%. Með ungmennum er átt við börn á aldrinum 18-22 ára sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans. (Áður kom ekkert til þessa hóps).
- **Aldraðir foreldrar:** Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema kr. 500.000. (Áður gátu aldraðir foreldrar átt rétt úr hinum svokallaða „potti“).
- **Dánarbú:** Eigi hinn látni ekki maka greiðast dánarbætur kr. 500.000. til dánarbús hins látna.

Dánarbætur		
Upphæðir frá 1. júlí 2004 (verðlag feb. 2008)		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Maki	4.279.387	3.805.396
Barn_00ára	823.691	732.458
Barn_10ára	823.691	732.458
Barn_17ára	0	0
Ungmennni	0	0
Pottur	3.133.559	2.786.483
Dánarbú	686.478	805.786
Upphæðir við samninga 2008 (verðlag feb. 2008)		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Maki	5.000.000	5.000.000
Barn_00ára	4.104.000	4.104.000
Barn_10ára	2.000.000	2.000.000
Barn_17ára	2.000.000	2.000.000
Ungmennni	500.000	500.000
Pottur	500.000	500.000
Dánarbú	500.000	500.000
Breyting tryggingaupphæða í samningum 2008		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Maki	16,8%	31,4%
Barn_00ára	398,2%	460,3%
Barn_10ára	142,8%	173,1%
Barn_17ára	>∞	>∞
Ungmennni	>∞	>∞
Pottur	-84,0%	-82,1%
Dánarbú	-27,2%	-37,9%

Varanleg örorka

- Aldurstenging:

Áður voru örorkubætur aldurstengdar þannig að þær lækkuðu um 5% af grunnupphæð við hvert ár eftir sjötugt. Nú verður aldurstengingin þannig að þær lækka um 2% við hvert ár eftir fimmtugt og um 5% við hvert ár eftir sjötugt. Með þessu er verið að koma viðbótarfjárhæðum til yngra fólks (sem á að öllum líkindum eftir að búa lengur við örorku) án þess að skerða rétt eldra fólks sem enn er á vinnumarkaði.

- Greiðslur:

Upphæðir örorkubóta hækka um 52,2- 71,2% allt eftir því við hvaða eldri samning er miðað.

- Bætur vegna 025% varanlegrar örorku eru því kr. 2.850.000.
- Bætur vegna 050% varanlegrar örorku eru því kr. 8.550.000.
- Bætur vegna 075% varanlegrar örorku eru því kr. 19.950.000.
- Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 31.350.000.

Upphæðir frá 1. júlí 2004 (verðlag feb. 2008)		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Grunnur	7.488.847	6.658.586
25%	1.872.212	1.664.647
50%	5.616.635	4.993.940
75%	13.105.482	11.652.526
100%	20.594.329	18.311.113
Upphæðir við samninga 2008 (verðlag feb. 2008)		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Grunnur	11.400.000	11.400.000
25%	2.850.000	2.850.000
50%	8.550.000	8.550.000
75%	19.950.000	19.950.000
100%	31.350.000	31.350.000
Breyting tryggingaupphæða í samningum 2008		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Grunnur	52,2%	71,2%
25%	52,2%	71,2%
50%	52,2%	71,2%
75%	52,2%	71,2%
100%	52,2%	71,2%

Tímabundin örorka

- Greiðslutímabil: Greiðslutímabil styttest úr 48 vikum í 37.
- Greiðslur:

Áður voru greiddir dagpeningar bæði vegna hins slasaða (kr. 17.018 / 15.134 á viku) svo og vegna hvers barns á hans framfæri (kr. 2.270 / 2.018). Nú verður þessum greiðslum steypt í eina upphæð (kr. 25.000). Þetta þýðir raunhækkun fyrir fjölskyldu með allt að þremur börnum.

Upphæðir frá 1. júlí 2004 (verðlag feb. 2008)		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Dagpeningar	17.018	15.134
Dagpen m/barni	2.270	2.018
Upphæðir við samninga 2008 (verðlag feb. 2008)		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Dagpeningar	25.000	25.000
Dagpen m/barni	0	0
Breyting tryggingaupphæða í samningum 2008		
	Samiðn, LÍV	SGS
	SA	SA
Dagpeningar	46,9%	65,2%
Dagpen m/barni	-100,0%	-100,0%